

Sp.

335. Þingsályktun

[2. mál]

um innflutning og framleiðslu heimilistækja.

(Afgreidd frá Sp. 15. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fylgja þeirri stefnu, sem mörkuð var á síðasta þingi, með því að hlutast til um, að þær verksmiðjur, sem framleitt geta nýttísku heimilisvélar, fái innflutt nægilegt efni til þeirrar framleiðslu. Á sama hátt verði hlutast til um, að innfluttar verði heimilisvélar, sem ekki verða framleiddar í landinu, og önnur nauðsynleg heimilistæki, til þess að fullnægja þörfum heimilanna til sjávar og sveita, og fari bæði um efnisinnflutning og annan innflutning eftir því, sem gjaldeyrisástæður leyfa. Þó skal gjaldeyrir til eldavéla — annarra en rafmagnseldavéla — veittur eftir sömu reglum og til almennra rekstrarvára.